

LANDSRÉTTUR

Úrskurður föstudaginn 6. desember 2019.

Mál nr. 819/2019:

Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Hildur Sunna Pálmadóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Guðmundur St. Ragnarsson lögmaður)

Lykilorð

Kærumál. Gæsluvarðhald. D-liður 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008.

Útdráttur

Staðfestur var úrskurður héraðsdóms um að X skyldi sæta gæsluvarðhaldi á grundvelli d-liðar 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómarnir Davíð Þór Björgvinsson og Jóhannes Sigurðsson og Sigríður Ingvarsdóttir, settur landsréttardómari, kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Varnaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 4. desember 2019, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 5. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 4. desember 2019 í málinu nr. R-[...]/2019 þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 13. desember 2019 klukkan 16. Kæruheimild er í l-lið 1. mgr. 192. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.
- 2 Sóknaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.
- 3 Varnaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Til vara er þess krafist að varnaraðila verði gert að halda sig á ákveðnum stað eða innan ákveðins svæðis, ellegar hann hafi á sér búnað svo unnt verði að fylgjast með ferðum hans, sbr. 1. mgr. 100. gr. laga nr. 88/2008.

Niðurstaða

- 4 Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness miðvikudaginn 4. desember 2019

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur krafist þess í dag að kærða, X, kt. [...], verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 30. desember 2019, kl. 16:00.

I

Í kröfu lögreglustjóra segir að kærði sé í málinu grunaður um líkamsárás, nauðgun, hótanir, milligöngu um vændi, kaup á vændi og mansal. Að kvöldi 26. nóvember sl. hafi lögregla verið kölluð að [...], heimili brotþola, A, vegna meints ofbeldis kærða gegn henni. Þegar lögregla hafi komið á vettvang hafi brotþoli verið flúin út úr íbúð sinni undan kærða, sem þar hafi enn verið staddur. Brotþoli hafi borið kærða þeim sökum að hafa gengið í skrokk á sér og hún lýst mikilli hræðslu við hann. Brotþoli hafi jafnframt sakað kærða um að hafa fyrr um daginn gert hana út í vændi með þeim hætti að hafa fengið mann til að koma á heimili hennar og hafa við hana samræði gegn greiðslu. Þegar maðurinn var farinn hafi kærði rífið greiðsluna frá kaupandanum af brotþola og sagt henni að hann myndi lemja hana ef hún hlýddi honum ekki. Síðar þennan sama dag hafi kærði viljað að hún fengi annan viðskiptavin í heimsókn og þegar brotþoli hafi neitað hafi kærði reiðst og beitt hana ofbeldi svo á henni sá. Þá hafi brotþoli enn fremur greint lögreglu frá því að kærði hefði nauðgað henni fyrr um daginn.

Brotþoli hafi lýst því fyrir rannsóknarlögreglumanni, sem kallaður var á vettvang, að kærði ofsækti hana og hefði margoft áður beitt hana ofbeldi. Hann hefði neytt hana til að stunda vændi og stofnað auglýsingu á www.einkamal.is þar sem hann auglýsti vændisstarfsemi hennar.

Brotþoli hafi í framhaldinu verið færð til skoðunar á neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis. Í fyrirbyggjandi gögnum vegna þeirrar skoðunar komi fram að brotþoli hafi verið með rispu sem samræmdist klóri á hægri upphandlegg, roða sem samræmdist því að klipið hefði verið í vinstri upphandlegg hennar, smárispur á vinstri framhandlegg og smárispur og roða á vinstra læri.

Við formlega skýrslugjöf á lögreglustöð hafi brotþoli borið um málsatvik með sambærilegum hætti og á vettvangi. Brotþoli hefði sagst vera búin á því andlega þar sem kærði hefði áreitt hana stöðugt síðastliðin ár. Brotþoli hefði sagt kærða neyta fíkniefna og krefjast þess að hún seldi sig í vændi til að fjármagna neyslu hans. Hann hefði hóttað henni lífláti þegar hún hefði neitað að selja sig aftur þennan dag. Í kjölfarið hefði hann slegið hana með flötum lófa í andlitið og rífið í báða framhandleggi hennar. Kærði hefði síðan nauðgað brotþola, kallað hana hóru og sagt henni að þegja. Þá hafi brotþoli borið að kærði hefði oft áður haft samræði við hana án hennar samþykkis, fyrst fyrir rúmu ári síðan. Brotþoli hafi talið að þau skipti væru fleiri en 100. Hún hafi sagst óttast kærða og að hann myndi vinna henni eða börnum hennar mein.

Lögreglustjóri segir við rannsókn málsins einnig hafa verið tekna skýrsla af vitninu B sem farið hafi að íbúð brotþola eftir að hann heyrði berast þaðan mikil læti og óhljóð. Vitnið hafi borið að það hefði haft á tilfinningunni að kærði væri að ganga í skrokk á brotþola og hann því farið að kanna málið. Einnig hafi komið fram hjá vitninu að kærði og brotþoli hefðu verið hamingjusöm allt þar til fyrir um 3-4 mánuðum síðan þegar kærði hefði byrjað í neyslu. Við það hefði hann gjörbreyst, brotþoli ekki viljað hafa hann á heimilinu og hún lýst mikilli hræðslu við hann. Kærði hefði ekkert dvalið hjá brotþola á þessu tímabili, kannski komið 1-2 sinnum.

Lögreglustjóri segir kærða neita sök og væna brotþola um lygar. Hann fullyrði að þau hafi ávallt haft samræði með hennar samþykki. Kærði hafi enn fremur ekkert kannast við meinta vændisstarfsemi. Í þágu rannsóknar málsins hafi kærða með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness í máli R-[/...]/2019, uppkveðnum 27. nóvember sl., verið gert að sæta gæsluvarðhaldi á grundvelli a- og d- liða 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008.

II

Að sögn lögreglustjóra varða meint brot kærða við 194. gr., 217. gr., 1., 6. og 7. mgr. 206. gr. 227. gr. a. og 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en brotin geti varðað allt að 16 ára fangelsi ef sök sannist.

Til stuðnings kröfu sinni vísar lögreglustjóri til þess að [...] hafi kærði með dómi Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. S-[/...] verið dæmdur í 5 ára fangelsi fyrir [...] gagnvart brotþola. [...] Á meðan

kærði hafi afplánað dóm sinn hafi hann ítrekað hringt í brotþola og ónáðað hana, meðal annars með hótunum. Kærði hafi einnig hlotið tvo aðra dóma fyrir ofbeldisbrot. Í öðru þeirra tilvika fyrir [...].

Lögreglustjóri vísar jafnframt til þess að sálfræðingur sem starfi í upplýsinga- og áætlanadeild hafi framkvæmt áhættumat vegna kærða. Niðurstaða þess mats sé sú að miklar líkur séu á að kærði muni beita brotþola ofbeldi og séu töluverðar líkur á því að ofbeldið geti falið í sér lífshættulegan skaða. Ofbeldið sé talið vera yfirvofandi og líklegt að það myndi eiga sér stað á næstu 2-4 vikum eftir að kærði yrði laus úr gæsluvarðhaldi. Neysla kærða skipti mestu máli varðandi líkurnar á því að hann brjóti gegn brotþola, sem og viðkvæm staða hennar gagnvart honum. Búseta brotþola sé óörugg þar sem telja megi kærða hafa greiðan aðgang að húsnæði hennar.

Í ljósi alls framangreinds telji lögreglustjóri að vægari úrræði, svo sem nálgunarbann, séu ekki til þess fallin að ná þeim tilgangi sem að sé stefnt með kröfunni.

Með vísan til framangreinds og framlagðra gagna og d-liðar 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála mála sé þess krafist að krafa lögreglustjóra nái fram að ganga með þeim hætti sem hún sé fram sett.

III

Fyrir liggur að kærði var handtekinn við heimili brotþola að kvöldi 26. nóvember sl. eftir að brotþoli hafði hringt og tilkynnt um ofbeldi sem hún sætti af hans hálfu. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu og fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum var brotþoli með áverka þegar lögregla kom á vettvang. Þegar lögreglumenn ræddu við brotþola við heimili hennar bar hún kærða jafnframt þeim sökum að hafa gert hana út í vændi. Þá greindi brotþoli lögreglu enn fremur frá því að kærði hefði nauðgað henni fyrir um daginn. Við skýrslutöku af brotþola degi síðar sagði hún þetta ekki hafa verið í fyrsta skipti sem kærði hafði við hana samræði án hennar vilja. Það hefði hann fyrst gert fyrir meira en ári síðan og væru tilvikin orðin yfir 100 talsins. Lýsti brotþoli mikilli hræðslu við kærða og kvaðst óttast að hann ynni henni eða börnum hennar mein.

Vitni sem var í íbúð brotþola er lögreglu bar að umrætt kvöld kvaðst fyrir um kvöldið hafa heyrt mikil læti og öskur frá íbúðinni og hefði vitnið fengið það á tilfinninguna að kærði væri mögulega að ganga í skrokk á brotþola. Vitnið hefði því farið að íbúð brotþola til að ganga úr skugga um hvað gengi á. Vitnið hefði fyrst hringt dyrabjöllunni en síðan bankað. Kærði hefði þá opnað dyrnar. Kærði hefði verið í símanum og verið mjög æstur. Hann hefði hreytt fúkyrðum í brotþola, meðal annars kannað hana hóru og mellu. Brotþoli hefði í framhaldinu yfirgefið íbúðina og skömmu síðar hefði lögregla komið á vettvang.

Undir rannsókn málsins hefur lögregla aflað gagna um samskipti á reikningi á vefsíðunni einkamal.is. Þau samskipti sem þar koma fram geta vel samræmst því að reikningurinn hafi verið nýttur við sölu vændis, svo sem brotþoli hefur haldið fram.

Samkvæmt öllu þessu og að virtum gögnum málsins að öðru leyti þykir verða að fallast á það með lögreglustjóra að kærði sé undir rökstuddum grun um að hafa framið brot sem fangelsisrefsing liggur við.

Brot þau sem kærði er grunaður um eru mjög alvarleg og beinast gegn sama einstaklingi og hann var með dómi árið [...] sakfelldur fyrir [...] gagnvart. Var kærði dæmdur í fimm ára fangelsi í því máli. Hefur kærði hlotið tvo aðra dóma fyrir ofbeldisbrot. Brotþoli hefur haldið því fram að á meðan kærði afplánaði nefndan dóm frá [...] hafi hann ítrekað hringt í hana og ónáðað hana, meðal annars með hótunum, og kveðst hún hræðast hann mjög. Að öllu þessu gættu þykir verða að fallast á það með lögreglustjóra að gæsluvarðhald sé nauðsynlegt til að verja brotþola gegn árásum kærða. Samkvæmt því og öðru framangreindu telst skilyrðum d-liðar 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála fullnægt til þess að kærða verði gert að sæta gæsluvarðhaldi. Eins og málið liggur fyrir dómnum þykir rétt að marka gæsluvarðhaldinu þann tíma sem í úrskurðarorði greinir.

Úrskurð þennan kveður upp Kristinn Halldórsson héraðsdómari.

Úrskurðarorð:

Varnaraðili, X, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 13. desember 2019, kl. 16:00.